





beurer
medical

FT-65 Alhliða hitamælir


Leiðbeiningar

Lýsing á mælinum (yfirlit)



- | | |
|-----------------------------------|--|
| 1. Ennis-lok | 6. Gluggi með upplýsingum |
| 2. Takki fyrir ennismælingu | 7. Endinn á nemanum með linsu (Lokið fjarlægt) |
| 3. Takki fyrir eyrnarmælingu | 8. Takki M fyrir minni |
| 4. Díóða (rauð) viðvörðun um hita | 9. Takki S fyrir stillingar |
| 5. Díóða (græn) | 10. Lok yfir rafhlöðum |

-
- 11. Dagsetning
 - 12. Klukka
 - 13. Tegund mælingar (eyra, enni, annað)
 - 14. Tákn – „rafhlöðu-viðvörðun“
 - 15. Tákn – niðurstaða mælingar
 - 16. Tákn – minni og númer minnis
 - 17. Tákn – mæling í gangi
 - 18. Tegund mælinga Celsius eða Fahrenheit
-



Mælirinn tekinn í notkun

Rafhlöðurnar eru í mælinum við afgreiðslu hans. Opnið lokið yfir rafhlöðunum og fjarlægjið strimlana sem eru undir rafhlöðunum þannig að þær nái sambandi við málm. Við það fer mælirinn sjálfkrafa í gang.

Stillingar

Tungumál, hljóðstyrkur, Celsíus eða Fahrenheit, og klukka



Þrýstið á takka **I** í um eina sekúndu til að kveikja á mælinum. Hann fer þá sjálfkrafa í sjálfsprófun, og í glugganum sjáið þið í smátíma allar upplýsingar sem eiga að vera þar. Að sjálfsprófun lokinni heyrið þið tvö píp og þið sjáið dagsetningu og klukku og einnig sést „---“.

Í fyrsta skipti sem mælirinn er tekinn í notkun og eftir rafhlöðuskipti er að lokinni sjálfsprófun sýndar grunnstillingar fyrir dagsetningu og klukku (1- 1 00:00). Veljið fyrst hvort þið ætlið að nota **Celsius** eða **Fahrenheit**, síðan dagsetninguna og klukkuna. Stillingarnar framkvæmið þið í nokkrum skrefum; Val á Celsius eða Fahrenheit, árið, mánuðinn, daginn, klukkutímann, mínúturnar.

- # Ýtið í ca. 3 sek. á takkann **S**. Þá blikkar sá hluti sem þið eigið að stilla eða breyta.
- # Ýtið síðan á takkann **M** til að setja þessa stillingu í minnið eða
- # Ýtið á **S** til að breyta stillingunni.
- # Ýtið síðan að lokum á takkann **M** til að setja þá breytingu í minnið.

Að þessu loknu sýnir mælirinn í glugganum **OFF** og slekkur á sér sjálfkrafa.

Það sem þið þurfið að vita áður en þið mælið

Framleiddar eru ýmsar gerðir af hitamælum sem notaðir eru á mismunandi vegu.

- # Eyrna/ennismælar (Til mælinga á eyra eða enni viðkomandi)
- # Glermælar (til mælinga í endaparm, í handarkrika eða undir tungu)



Mæling: Vinsamlegast athugið fyrir hverja notkun hvort linsan á mælinum er óskemmd. Athugið að mælirinn þarf að hafa verið í það minnsta 30 mínútur í herberginu þar sem mælingin á að eiga sér stað.

Mæling á eyra;

- # Það er til fólk sem eru með mismunandi hitastig í vinstra og hægri eyra. Athugið að framkvæma mælingu ávallt í sama eyra.
- # Börn mega eingöngu nota þennan mæli undir eftirliti fullorðinna. Hægt er að nota þennan mæli á smábörn allt frá 6 mánaða aldri. Á yngri börnum eru eyrnargöngin of þröng til að hægt sé að komast að hljóðhimnunni til að mæla hitann.
- # Ekki má mæla hita í eyra sem er með bólgur, útrennsli eða þar sem gert hefur verið nýlega við hljóðhimnuna.
- # Ekki ætti að nota mælinn í eyra sem er sýkt, því með því gæti sýkingin borist á milli manna, jafnvel þótt mælirinn sé hreinsaður og sótthreinsaður. Í vafa hafið samband við lækni.
- # Þennan mæli má aðeins nota án hlífar yfir nemanum.
- # Ef sjúklingurinn hefur legið lengi á mælieyranu gæti hitinn í því hafa hækkað lítillega. Bíðið þá í smátíma eða mælið í hinu eyranu.
- # Eyrnamergur getur einnig haft áhrif á mælinguna – hreinsið því eyrað fyrir mælingu.

- Ýtið í eina sekúndu á takkann **I** til að kveikja á mælinum.
Að lokinni sjálfsprófun heyrið þið tvö lítil píp-hljóð.


Takið lokið eða hettuna af mælinum með því að þrýsta lauslega á hana upp á við (1) og takið hana síðan af með því að toga hana fram á við (2).



Fullvissið ykkur um að fremsti hluti nemans og einnig eyrnargöngin séu alveg hrein. Þar sem eyrnargöngin eru aðeins bogin, verðið þið áður en þið setjið mælinn inn í eyrað að toga létt í það aftur á við og aðeins upp til að neminn komist sem næst hljóðhimnunni.

- # Ýtið nemanum varlega inn í eyrað og ýtið síðan í 1 sekúndu á takkann (1)
- # Lok mælingar er gefin til kynna með stuttu píp-hljóði, og gildið sést í glugga mælisins.

Ef mælt gildi er innan normal marka ($\leq 38,0^{\circ}\text{C}/100,4^{\circ}\text{F}$) þá kviknar á grænu díóðunni í þrjár sekúndur. Ef mælt gildi er hærra ($\geq 38,0^{\circ}\text{C}/100,4^{\circ}\text{F}$) þá kviknar á rauðu díóðunni.



Mæling á enni: Gætið þess að ennið og gagnaugað sé frítt af svita eða snyrtivörum og þegar þið notið ennismælingu geta niðurstöðurnar orðið rangar ef viðkomandi sjúklingur er að nota æðaþrengjandi lyf, eða ef viðkomandi er með ertingu í húðinni.

- # Ýtið á takkann (1) til að kveikja á mælinum. Eftir sjálfsprófun gefur mælirinn frá sér tvö stutt hljóð.

Setjið mælinn með ásettri hettunni við gagnaugað – Haldið ennistakkanum (2) fyrir ennismælingu niðri og færið mælinn með jöfnum hraða yfir ennið og að hinu gagnauganu.

Sleppið síðan ennistakkanum (2). Lok mælingar er gefin til kynna með smá píp-hljóði, og mælt gildi kemur í gluggann.

Ef mælt gildi er innan réttra marka ($\leq 38,0^{\circ}\text{C}/100,4^{\circ}\text{F}$) þá kviknar á grænu díóðunni í þrjár sekúndur. Ef mælt gildi er hærra ($\geq 38,0^{\circ}\text{C}/100,4^{\circ}\text{F}$) þá kviknar á rauðu díóðunni.

Mæling á yfirborðshita; pela, vökva (án þess að neminn komist í samband við vökvann)

- # Ýtið í ca. 1 sekúndu á takkann **I** til að kveikja á mælinum. Eftir sjálfsprófun gefur mælirinn frá sér tvö stutt hljóð.
- # Ýtið síðan samtímis í 3 sekúndur á takkana **M** og **I** til að skipta yfir í yfirborðsmælingu. Í glugganum sjáið þið merki með punkti og þremur strikum.
- # Ýtið síðan á takkann **I** eða ennistakkann fremst á mælinum, haldið honum inni og beinið nemanum í ca. 3 cm. fjarlægð að því yfirborði sem á að mæla. (Gætið þess vel að neminn má ekki snerta vökva ef þið eruð að mæla hann).
- # Sleppið síðan takkanum. Lok mælingar verður sýnd í glugganum og þið heyrið smá píp-hljóð.

Athugið að hitinn sem sýndur er á skjánum er mældur en ekki aðlagður yfirborðshiti, og ekki er hægt að bera hann saman við eyrnar eða ennis hitamælingu.

Til að fara aftur yfir í eyrnar/ennismælingu ýtið þið samtímis á **M** og **I** takkana í þrjár sekúndur eða þar til táknið með punktinum og þremur strikunum hverfur af skjánum og þið heyrið smá píp-hljóð. Með því að slökkva og kveikja aftur á mælinum er farið sjálfkrafa úr mælingu á yfirborðshita.

Athugið að aðeins síðasta mæling sem framkvæmd er með mælinum fer sjálfkrafa í minni mælisins, og það um leið og slökkt er á mælinum. 10 minni eru fyrir hendi í mælinum.

Til að slökkva á mælinum, ýtið þið samtímis í 3 sekúndur á takkana **I** og fremsta takkann fyrir ennismælingu. Einnig slekkur mælirinn sjálfkrafa á sér ef ekkert er átt við hann í eina mínútu eftir að hann hefur sýnt gildið í glugganum.

Til að nálgast þau gildi sem eru í minni mælisins, kveikið þið á mælinum og ýtið á takkann **M**. Þá sýnir mælirinn dagsetninguna, klukku, númer minnisins og táknið fyrir viðkomandi mælingu svo og hitann sem þá var mældur. Þið getið síðan flett í gegn um þær mælingar sem eru í minninu með því að ýta aftur á takkann **M**.

Skipt um rafhlöður Þegar rafhlöðurnar fara að gefa eftir kemur mynd af rafhlöðu á skjáinn en þá er enn hægt að nota mælinn en réttast að huga að því að skipta um rafhlöður við fyrsta tækifæri. Þegar þetta tákni kemur og um leið blikkandi **Lo** í glugganum verður að skipta um rafhlöðurnar strax. Ef rafhlöðurnar eru of veikar slekkur mælirinn á sér.

- # Þegar þið skiptið um rafhlöður verður að nota báðar rafhlöður af sömu gerð.
- # Skiptið ávallt um báðar rafhlöðurnar samtímis.
- # Notið aldrei hlaðanlegar rafhlöður og aldrei rafhlöður sem innihalda þungmálma.

- 1 Losið um skrúfuna sem heldur lokinu og dragið lokið aftur á bak.
- 2 Fjarlægið gömlu rafhlöðurnar og setjið nýjar rafhlöður í mælinn og gætið þess að þær snúi rétt.
- 3 Setjið lokið aftur á sinn stað og herðið skrúfuna sem heldur því.

Losið ykkur við gömlu rafhlöðurnar á réttan hátt – hendið þeim aldrei með heimilisruslinu.

Hreinsun Hreinsið nemandann eftir hverja notkun annaðhvort með mjúkum klút eða eyrnarpinna sem vættur hefur verið í sótthreinsandi legi, spritti, alkóhóli eða vel heitu vatni. Til að hreinsa allan mælinn, mælum við eingöngu með mjúkum klút sem vættur hefur verið í volgu vatni og notið aldrei gróf eða ætandi hreinsiefni. Geymið mælinn ávallt með hettunni yfir nemandann til að vernda hann. Ef geyma á mælinn í mjög langan tíma, ráðleggjum við ykkur að fjarlægja rafhlöðurnar. Ekki má geyma mælinn við of lágt eða of hátt hita eða rakastig, ekki þar sem sól skín stöðugt á hann, ekki nálægt sterkum rafstraumi eða á óhreinum stað

Útskýringar á viðvörunartáknum

Tákn	Orsök	Lausn
Hi	Mældur hiti er hærri en eyrnar/ennismælir; 43°C (109,4°F) yfirborðsmælir; 100°C (212°F)	Notið mælinn eingöngu innan takmarka hans Hreinsið e.t.v. nemandann. Ef villumelding kemur fram trekk í trekk hafið þá samband við umboðsmann Beurer.
Lo	Mældur hiti er lægri en eyrnar/ennismælir; 34°C (93,2°F) yfirborðsmælir; 0°C (32°F)	Sjá hér að ofan
Err	Mælanlegur hiti er ekki innan marka frá 16°C að 35°C (60,8°F að 95°F)	Notið mælinn aldrei utan mælisviðs hans

Tæknilegar upplýsingar

Heiti og gerð	Beurer FT-65
Mælisvið	Eyrrar og ennismæling; 34°C – 43°C (93,2°F – 109,4°F) Yfirborðsmæling; 0°C – 100°C (32°F – 212°F)
Nákvæmni mælinga á rannsóknarstofu	Eyrrarmæling ; ±0,2°C (±0,4°F) frá 35,5°C – 42°C (95,9°F – 107,6°F) utan þessa mælisviðs ±0,3°C (±0,5°F) Ennismæling; ±0,3°C (±0,5°F) frá 34°C – 43°C (93,2°F – 109,4°F) Yfirborðsmæling; ±1,5°C (±2,7°F) við <34°C (86°F); ±5% við ≥30°C (86°F)
Tímabil á milli tveggja mælinga	Í það minnsta 5 sekúndur
Klínísk nákvæmni endurtekkinna mælinga	Eyra; Börn, 1-5 ára; ±0,08°C (±0,14°F) Fullorðnir; ±0,07°C (±0,13°F) Enni; Börn, 1-5 ára; ±0,07°C (±0,13°F) Fullorðnir; ±0,08°C (±0,14°F)
Mælieiningar	°Celsíus (°C) eða Fahrenheit (°F)
Skilyrði fyrir notkun	16°C að 35°C (60,8°F ð 95°F) við hlutfallslegt rakastig allt að 85% (sem þéttist ekki)
Skilyrði fyrir geymslu	-25°C að 55°C (-13°F að 131°F) við hlutfallslegt rakastig allt að 85% (sem þéttist ekki)
Mál	38,2 x 138 x 46,5 mm
Þyngd	90 gr með rafhlöðum
Rafhlöður	2 stk af gerðinni 1,5V AAA (LR03)
Minni	Fyrir 10 mælingar

Ábyrgð

2ja ára ábyrgð er á hitamælinum og nær hún yfir efnis eða vinnugalla sem upp gætu komið.
Ábyrgðin nær ekki til;

- Skemmda sem komið hafa vegna rangrar notkunar eða meðhöndlunar
- Slithluta
- Vöntunar sem viðskiptavininn hefur verið greint frá við kaup mælisins
- Eigin skemmda eiganda

Umboðsaðili Beurer á Íslandi

PFAFF hf., Grensásvegi 13

108 Reykjavík, s: 414-0400

www.pfaff.is